

**619. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 26. september 2023  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Lilja Magnúsdóttir (LM), Marinó Bjarnason (MB), Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 619 lögmætan.

Aðalfulltrúarnir Guðlaugur Jónsson og Jón Ingi Jónsson boðuðu forföll og sátu varafulltrúarnir Marinó Bjarnason og Magnús Óskar Hálfðánsson fundinn í þeirra stað.

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2024-2027 - 2308091**

Tillaga sveitarstjóra að verk- og tímaáætlun við vinnu við fjárhagsáætlun 2024-2027 lögð fram ásamt minnisblaði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 28.08.2023 vaðarðandi forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða verk- og tímaáætlun við vinnu við fjárhagsáætlun 2024-2027.*

**2. Dunhagi, framlenging á þaki - 2308039**

Tillaga skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps við sveitarstjórn að áform um að lengja þak á húsinu Dunhaga verði grenndarkynnt og fái málsmeðferð skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál frá 10. fundi umhverfis- og byggingarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 16.08.2023 og 12. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.09.2023.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu skipulagsnefndar um að áform um að lengja þak á húsinu Dunhaga verði grenndarkynnt og fái málsmeðferð skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**3. Lóð Tálknafjarðarskóla - 2309080**

Tillaga skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um að farið verði í hönnun skólalóðar sem fyrst samkvæmt þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið af börnum og starfsmönnum skólans.

Mál frá 12. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.09.2023.

*Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum tillögu skipulagsnefndar um að farið verði í hönnun skólalóðar sem fyrst samkvæmt þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið af börnum og starfsmönnum skólans.*

*MB situr hjá við afgreiðslu málsins.*

**4. Áheyrnarfulltrúi nemendaráðs í fræðslunefnd - 2309037**

Tillaga frá fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps um að orðið verði við ósk nemendaráðs Tálknafjarðarskóla um áheyrnarfulltrúa í fræðslunefndinni.

Mál frá 12. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 13.09.2023.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu fræðslunefndar um að orðið verði við ósk nemendaráðs Tálknafjarðarskóla um áheyrnarfulltrúa í fræðslunefndinni.*

*Skal áheyrnarfulltrúinn vera valinn af nemendaráði Tálknafjarðarskóla og vera með málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.*

**5. Westside, skemmtun allra framhalds- og menntaskóla á Vesturlandi og sunnanverðum Vestfjörðum - 2309038**

Erindi frá Nemendafélags Fjölbautaskóla Snæfellinga dags. 11.09.2023 þar sem óskað er eftir styrk vegna Westside, sem er skemmtun allra framhalds- og menntaskóla á Vesturlandi og sunnanverðum Vestfjörðum.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða að verkefnið Westside 2023 hjá Nemendafélagi Fjölbautaskóla Snæfellinga verði styrkt að upphæð kr. 50.000,-.*

**6. Fræðslunefnd - 12 - 2309003F**

Fundargerð 12. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.09.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

6.1 2309037 - Áheyrnarfulltrúi nemendaráðs í fræðslunefnd

6.2 2308028 - Fundadagatal 2023-2024

6.3 2309035 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024

**7. Atvinnu- og hafnarnefnd - 43 - 2309004F**

Fundargerð 43. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 13.09.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

7.1 2309040 - Gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar 2024

7.2 2308028 - Fundadagatal 2023-2024

7.3 2304041 - Framkvæmdir við rafmagn á höfn

7.4 2309014 - Tilmæli vegna samkeppnisaðstæðna á flutningamarkaði

7.5 2301004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023

7.6 2301083 - Fundargerðir 2023 og ársreikningur 2022 Hafnasamband

**8. Skipulagsnefnd - 12 - 2309005F**

Fundargerð 12. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.09.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

- 8.1 2308039 - Dunhagi, framlenging á þaki
- 8.2 2110138 - Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði
- 8.3 2309080 - Lóð Tálknafjarðarskóla
- 8.4 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031
- 8.5 2309042 - Skipulagsgátt

**9. Sorphirða við Eysteinseyri - 2309052**

Erindi vegna sorphirðu við Eysteinseyri dags. 08.09.2023.

*Lagt fram*

**10. Fundadagatal 2023-2024 - 2308028**

Fundardagatal nefnda á vegum Tálknafjarðarhrepps 2023-2024 eftir umfjöllun á 11. fundi skipulagsnefndar sem fór fram 15.08.2023, 10. fundi umhverfis- og byggingarnefndar sem fór fram 16.08.2023, 11. fundi íþróttá-, menningar og æskulýðsnefndar sem fór fram 05.09.2023, 43. fundi atvinnu og hafnarnefndar sem fór fram 13.09.2023 og 12. fundi fræðslunefndar sem fór fram 13.09.2023.

*Lagt fram.*

**11. Lántaka 2023 - 2308027**

Undirritaður lánasamningur Tálknafjarðarhrepps við Lánasjóð sveitarfélaga nr. 2308-37.

*Lagt fram.*

**12. Aðgengismál fatlaðs fólks 2023-2024 - 2309032**

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 05.09.2023 þar sem gert er grein fyrir því að Innviðaráðherra hefur samþykkt breytingu á reglugerð 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem heimilar sjóðnum að úthluta allt að 415 m.kr. til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks á árunum 2023 og 2024. Átaksverkefninu var ýtt úr vör vorið 2021 og hefur nú verið framlengt til ársloka 2024. Fram kemur að til Vestfjarða eru kr. 19.286.765,- til úthlutunar til verkefna sem skulu að helmingi fjármögnuð af sveitarfélögum.

*Lagt fram.*

*Visað til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar.*

**13. Málstefna sveitarfélaga - 2309028**

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 05.09.2023 þar sem minnt er á 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem fjallar um málstefnu sveitarfélaga.

*Lagt fram.*

**14. Skógarreitir og græn svæði innan byggðar - 2309074**

Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands dags. 13.09.2023 þar sem komið er á framfæri ályktun varðandi skógarreiti og græn svæði innan byggðar, sem var samþykkt á aðalfundi félagsins sem var haldinn á Patreksfirði 01.09.2023-03.09.2023.

*Lagt fram.*

**15. Starfsemi Stígamóta 2024 - 2309077**

Erindi frá Stígamótum dags. 30.08.2023 varðandi starfsemi ársins 2024.

*Lagt fram.*

**16. Tilkygning um aflúsun - 2309050**

Erindi frá Arnarlaxi dags. 11.09.2023 þar sem tilkynnt er um aflúsun í eldisstöð fyrirtækisins við Laugardal í Tálknafirði í 37. og 38. viku ársins 2023.

*Lagt fram.*

**17. Samstarfsnefnd vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046**

Fundargerð 11. fundar samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fór fram 06.09.2023.

*Lagt fram.*

**18. Fundargerðir Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2023 - 2302017**

Fundargerð 144. fundarar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem fór fram 07.09.2023 ásamt drögum að fjárhagsáætlun 2024 og gjaldskrá 2024.

*Lagt fram.*

*Drögum að fjárhagsáætlun 2024 og gjaldskrá 2024 er vísað til vinnu við fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps.*

**19. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301063**

Fundargerðir stjórnarfunda Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 932 sem fór fram 08.09.2023 og nr. 933 sem fór fram 18.09.2023.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:47.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Marínó Bjarnason (MB)

---

Magnús Óskar Hálfhásson (MÓH)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)